

24. SEPTEMBER
2022

HARPA
ELDBORG

Pétur og úlfurinn og Tobbi túba



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tobbi túba

Tónlistarævintýrið um Tobba túbu hefur notið mikilla vinsælda allt frá útgáfu þess árið 1945. Í ævintýrinu segir frá hugrakkri túbu sem þráir það heitast að fá að leika fallegar laglínur rétt eins og flauturnar og fiðlurnar í hljómsveitinni.

Þrátt fyrir ýmis ljón í veginum tekst Tobba með aðstoð góðs vinar að finna sína eigin rödd og fær að lokum að láta ljós sitt skína á eigin forsendum. Ódauðlegt og sprellfjörugt ævintýri um hvatningu, vináttu og traust. Bragi Valdimar Skúlason færði textann í nýjan búning.

Pétur og úlfurinn

Pétur og úlfurinn er eitt ástsælasta tónlistarævintýri sem sögur fara af en það var frumflutt 1936. Pétur er djarfur og uppátækjasamur piltur sem býr með afa sínum í sveitinni – í fallegu húsi við grænt engi. Handan engisins er dimmur skógur og þar býr grimmur úlfur. Þegar drengurinn hættir sér út fyrir garðshliðið þvert á aðvaranir afans upphéfst mikið ævintýri – við kynnumst fjörugum fugli, harmrænni önd, lævísu ketti og auðvitað sjálfum úlfinum.

Hver sögupersóna er túlkuð af hljóðfæri eða hljóðfærum símfóníuhljómsveitarinnar. Fuglinn er túlkaður af flautunni, öndin af óbóinu, kötturinn af klarínnettinu, afinn af fagottinu, úlfurinn af þremur hornum, veiðimennirnir af pákunum og tréblásurunum og Pétur af öllum strengjahljóðfærum hljómsveitarinnar.



Pétur og úlfurinn og Tobbi túba

LITLI TÓNSPROTINN

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Daníel Bjarnason

Hljómsveitarstjóri

Nimrod Ron

Einleikari

Halldóra Geirharðsdóttir

Sögumaður og kynnir

Ari H. G. Yates

Tobbi túba myndskreyting

Cécile Parcillie

Pétur og úlfurinn

myndskreyting

Efnisskrá

George Kleinsinger

Tobbi túba

Sergej Prokofiev

Pétur og úlfurinn



Á döfinni



17–18.12

LAU/SUN
Kl. 14 & 16

Jólatónleikar Sinfóníunnar

Sannkölluð hátíðarstemning ríkir á Jólatónleikum Sinfóníunnar þar sem fjölbreytt jólatónlist verður flutt af hljómsveitinni ásamt fjölda ungra listamanna. Tónleikarnir hafa notið verðskuldaðrar hylli og eru á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar. Tónleikar fyrir jólabörn á öllum aldri.



18.02

LAUGARDAGUR
Kl. 14 & 16

Ævintýrið um Töfraflautuna

Töfraflautan eftir W.A. Mozart er ein dádasta ópera sögunnar og sannkallaður ævintýraheimur fyrir unga sem aldna. Töfraflautan verður flutt í klukkustundarlangri útfærslu fyrir sögumann og fimm einsöngvara. Þetta er hugljúf og eftirminnileg ævintýrastund fyrir alla fjölskylduna.